



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Selma Hafliðadóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. maí 2017

Tilv.: MMR17050185/14.3-

Efni: Umsögn um 371. þingmál,

Mennta- og menningarmálaráðuneyti barst erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis, með tölvubréfi, dags. 17. maí sl., þar sem óskað var viðbragða við umsögn Samtaka iðnaðarins um þingmál 371., frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna heitis Einkaleyfastofunnar, 371. mál. Í frumvarpinu er lagt til að Einkaleyfastofan fái heitið Hugverkastofan.

Í umsögn Samtaka iðnaðarins kemur fram að samtökin séu mótfallin því að nafni Einkaleyfastofunnar verði breytt á framangreinda leið og færa fyrir því ýmis rök, m.a. að hið nýja heiti bendi til þess að stofnunin hafi með höndum viðtækari og meiri starfsemi en hún hefur í raun og veru. Samtök iðnaðarins mótmæla því sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að heitið Einkaleyfastofan hafi of þrönga skírskotun og að ábyrgðarsvið Einkaleyfastofunnar „tengist hugverkaréttindum almennt.“ Samtök iðnaðarins benda á að skráning og þjónusta í tengslum við höfundaréttindi sé á höndum annarra stofnana og samtaka en ekki Einkaleyfastofunnar. Að mati Samtaka iðnaðarins eru höfundaréttindi svo veigamikill þáttur í menginu hugverkaréttindi og heitið Hugverkastofan því villandi fyrir þau verkefni sem stofnunin hefur með höndum. Samtök iðnaðarins benda á að í greinargerð með frumvarpinu segi að nokkrar erlendar hugverkastofur hafi á liðnum árum fengið ný heiti sem lýsi betur starfsemi þeirra og sé sú þróun m.a. í takt við aukinn skilning á hugverkum. Að mati Samtaka iðnaðarins er óljóst um hvaða erlendu stofnanir er að ræða og benda á að í nágrannaríkjunum sé einkaleyfaskírskotunin ríkjandi hvað varðar heiti sambærilegra stofnana og Einkaleyfastofu sbr. t.d. Finnish Patent & Registration office (Finnland), Danish Patent and Trademark office (Danmörk), The Swedish Patent and Registration office (Svíþjóð) og Norwegian Industrial Property Office (Noregur).

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að nafnabreytingin sé í samræmi við markmið sem sett hafi verið fram í Hugverkastefnu sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra kynnti árið 2016 undir heitinu „Hugverkastefna 2016–2022, hugverkaréttindi sem viðskiptatæki og verðmæti“. Markmið stefnunnar sé hugverkadrifið Ísland árið 2022 og sú framtíðarsýn sé sett fram í stefnunni ásamt því að veita upplýsingar um réttindin, mikilvægi þeirra og mögulegar verndarleiðir og aðgerðaáætlun til næstu fimm ára. Til að stuðla að skilvirkara stjórnkerfi og lagaumhverfi í hugverkaréttindum á landinu hafi verið m.a. lagt til að Einkaleyfastofa yrði styrkt sem stofnun og hlutverk hennar skýrt. Þá hafi verið kveðið á um að æskilegt væri að breyta heiti Einkaleyfastofunnar, það yrði Hugverkastofan, til samræmis við heildarverkefni stofnunarinnar. Skammstöfun stofnunarinnar yrði HVS og enskt heiti Icelandic Intellectual Property Office, skammstafað IIPO. Í umræddri hugverkastefnu er m.a. fjallað um höfundarétt og lýst að hvaða leyti hann er frábrugðinn hugverkaréttindum á sviði iðnaðar, þ.e. einkaleyfum, vörumerkjum og hönnunarvernd. Í stefnunni segir svo að hún miði ekki sérstaklega að

höfundarrétti enda ekki að öllu leyti sömu sjónarmið sem búi að baki höfundarétti og hugverkaréttindum á sviði iðnaðar.

Eins og vikið er að í umsögn Samtaka iðnaðarins falla innan heildarmengis hugverkaréttinda fjórir meginþættir, þ.e. (i) vörumerki, (ii) einkaleyfi, (iii) hönnun og (iv) höfundaréttur. Málaflokkum er varða þessi réttindi er núna þannig skipt innan Stjórnarráðs Íslands að Einkaleyfastofa fer með þrjá fyrstnefndu þættina, sem nefnast einu nafni hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, f.h. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, sbr. f-liður 4. tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu málefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 1/2017 en mennta- og menningarmálaráðuneyti fer með málefni höfundaéttar, sbr. 8. tölul. 5. gr. sama forsetaúrskurðar. Nái frumvarpið fram að ganga má í kjölfarið búaast við umræðu um að eðlilegt sé að málefni allra hugverkaréttinda séu vistuð hjá einni og sömu stofnuninni og undir einu ráðuneyti. Mennta- og menningarmálaráðuneyti telur eðlilegra að verði slík ákvörðun tekin þá verði það gert með upplýstri umræðu um kosti og galla þess að fjalla um alla flokka hugverkaréttinda hjá einni og sömu stofnuninni og undir einu ráðuneyti.

Fyrir hönd ráðherra

  
Karitas H. Gunnarsdóttir

  
Daði Heiðar Kristinsson